

Samningur um tilraunaverkefni til að efla og þróa skipulag almenningsamganga milli byggðakjarna og tengingu við höfuðborgarsvæðisins

Vegagerðin, kt. 680269-2899, annars vegar, og Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Eyþing, kt. 561192-2199 hins vegar, gera með sér eftirfarandi samning um tilraunaverkefni um að efla skilvirkt og samþætt grunnkerfi almenningsamganga um landið og þróa skipulag almenningsamgangna milli byggðakjarna á landsvísu, búa til skilvirkar tengingar sem samþætta almenningsamgöngur landsins við grunnkerfi á suðvesturhorninu, þannig að allir landshornar verði tengdir saman.

Samningur þessi er til viðbótar og hefur tengingu við samning um almenningsamgöngur milli sömu aðila, dags. 29. desember 2012. Samningur þessi er gerður í samræmi við bréf innanríkisráðuneytisins, dags. 4. júlí 2012, um tilraunaverkefni til eflingar almenningsamgangna, sbr. fylgiskjal með samningi.

1. gr.

Eyþing munu þróa og efla almenningsamgöngur á landi með með áherslu á skipulag þeirra og tengingar milli landshluta og milli viðkomandi svæðis og Suðvesturhornsins.

2. gr.

Eyþing munu hafa samvinnu við Strætó bs. og önnur landshlutasamtök til að tryggja skilvirkt flæði farþega milli almenningsamgöngukerfa á höfuðborgarsvæði og starfsvæði Eyþings og annarra landshlutasamtaka um aðrar ytri tengingar.

3. gr.

Eyþing munu taka þátt í sameiginlegri og samræmdri upplýsingagjöf til farþega um ferðaáætlanir og samræmdri farmiðasölu. Eyþing mun nýta hluta ríkisframlags til að reka sameiginlegt þjónustuver (vefsíða og símasvörun) almenningsamgangna á landsvísu þar sem farþegar geta nálgast allar upplýsingar á einum stað og keypt þar samræmda farmiða. Kostnaðarhlutdeild Eyþings taki mið af heildarframlagi ríkisins til almenningsamgangna á landi samanborið við önnur landshlutasamtök.

4. gr.

Vegagerðin greiðir Eyþingi 3.250.000 kr. árlega í styrk til að sinna framangreindum verkefnum, samkvæmt samningi þessum. Fjárhæðin skal greidd út með mánaðarlegum greiðslum skv. útgefnum reikningi frá Eyþingi og skýrslu um ferða- og farþegafjölda. Styrkfjárhæð er miðuð við verðlag 1. janúar 2013 og skal verðbæta fjárhæð samnings árlega miðuð við 1. janúar ár hvert. Samningsfjárhæð skal breytast, til hækkunar eða lækkunar, í hlutfalli við breytingar á launavísitölu og vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sem Hagstofa Íslands reiknar út og birtir samkvæmt lögum og skráningu eldsneytisverðs, vísitölu díselolíu, undirvísitölu neysluverðsvísitölu nr. 07224.

Verðbætur skal reikna miðuð við eftirfarandi breytingar:

- a) Vinnulaun
1% breyting á launavísitölu breytir styrkfjárhæð um 0,48%
- b) Olíukostnaður
1% breyting á vísitölu díselolíu breytir styrkfjárhæð um 0,22% , undirvísitala neysluverðsvísitölu nr. 07224
- c) Annar rekstrarkostnaður
1% breyting á vísitölu neysluverðs breytir styrkfjárhæð um 0,30%

Verðbætur samkvæmt framangreindum ákvæðum koma fyrst til framkvæmda 1. janúar 2014.

Tekjur af far- og farmgjöldum, auk annarra tekna renna óskertar til Eyþings.

5. gr.

Fjárframlag Vegagerðarinnar er með fyrirvara um samþykki Alþingis á fjárlögum hvers árs og niðurstöður í afgreiðslu Alþingis á tillögum að á tillögum að samgönguáætlun 2011-2022 og 2011-2014.

6. gr.


Samningurinn tekur gildi 01.01.2013 og gildir til 31. 12. 2018.


Samningurinn skal endurskoðaður á tveggja ára fresti, og metin framvinda og árangur verkefnisins. Endurskoðun skal lokið fyrir 1. apríl hverju sinni. Ef sú endurskoðun gefur tilefni til skulu samningsaðilar skilgreina aðgerðir og viðbrögð sem þörf er á til að tryggja framvindu og framkvæmd í samræmi við markmið samningsins sbr. 1., 2. og 3. grein.

Jhr.d.
APJ

Við endurskoðun samnings 1. apríl 2017 munu samningsaðilar leggja sérstakt og ítarlegt mat á árangur verkefnisins m.t.t. áframhalds að samningstíma loknum, og hvaða breytingar er nauðsynlegt að gera á samkomulaginu í ljósi niðurstöðu matsins.

19. desember 2012



f.h. Eyþings



f.h. Vegagerðarinnar

Vottar að lögum:

(Nafn og kt.)


Ragnýr Helgadóttir


150247-2179


Sveinn


2108642969